

311. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurnesja, haldinn að Skógarbraut 945, Reykjanesbæ, fimmtudaginn 23. maí 2024, kl. 16:00.

Mætt: Ingvi Þór Hákonarson, formaður, fulltrúi Reykjanesbæjar, Margrét Sæmundsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar, Sunneva Ósk Þóroddsdóttir, fulltrúi Suðurnesjabæjar, Birgitta Káradóttir, fulltrúi Grindavíkur og Annas Jón Sigmundsson, fulltrúi Sveitarfélagsins Voga, auk starfsmanna Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja: Ásmundur E. Þorkelsson, framkvæmdastjóri (fundarritari), Stefán B. Ólafsson, J. Trausti Jónsson, Eydís Martinsdóttir og Helgi Haraldsson. Bergþóra Sigurjónsdóttir, fulltrúi atvinnurekenda kom ekki á fundinn.

Dagskrá:

1. Ársreikningur HES 2023
2. Yfirlit yfir störf HES
3. Starfsleyfi og skráningar
4. Tillaga að breytingu á samþykkt nr. 426/2005 um meðhöndlun úrgangs á Suðurnesjum
5. Umhverfismál / umgengni á lóðum
6. Önnur mál (fundaplan sumarsins)

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur HES 2023

Undir þessum dagskrárlíð kom Kristján Þór Ragnarsson endurskoðandi frá Deloitte á fundinn og fór yfir ársreikning embættisins fyrir árið 2023.

Ársreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja fyrir árið 2023, sem lagður var fram til kynningar á 310. fundi, var samþykktur.

2. Yfirlit yfir störf HES

Starfsmenn fóru yfir helstu verkefni sem hafa verið á döfnni frá síðasta fundi heilbrigðisnefndar.

3. Starfsleyfi og skráningar

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Hjallastefnan ehf., kt. 540599-2039, Tjarnabraut 1, 260 Reykjanesbæ til að reka leikskóla.
- Hjallastefnan ehf., kt. 540599-2039, Keilisbraut 774, 262 Reykjanesbæ til að reka leikskóla.

Eftirtöldum veitt starfsleyfi skv. reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Gildistími starfsleyfa er 12 ár.

- Njarðvíkurkirkja, kt. 660169-5639, Brekkustíg 13, 260 Reykjanesbæ til að reka kirkju.
- Hvítasunnukirkjan í Keflavík, kt. 620180-0259, Hafnargötu 84, 230 Reykjanesbæ til að reka kirkju.
- Suðurnesjabær, kt. 550518-1200, Skagabraut 100, 250 Suðurnesjabæ til að reka safnahús.
- Lúna Spa ehf., kt. 410721-0820, Hafnargötu 49, 230 Reykjanesbæ til að reka snyrtistofu.
- IQ Hotel Apartments ehf., kt. 541116-1130, Grénásbraut 614, 262 Reykjanesbæ til að reka minna gistiheimili – íbúðagistingu.
- Georg V. Hannah sf., kt. 580997-2799, Hafnargötu 49, 230 Reykjanesbæ til að framkvæma húðgötun í eyrnasnepla.

Umsóknir um skráningar samkvæmt reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- Engar umsóknir.

Nefndin felur heilbrigðiseftirlitinu að samþykkja skráningar á ofangreindum fyrirtækjum að uppfylltum starfsskilyrðum og greiddu skráningagjaldi.

Skráningar samþykktar í samræmi við reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

- JBÓ Pípulagnir ehf., kt. 650416-1390 fyrir asbesthreinsun á Skólavegi, 230 Reykjanesbæ. Nefndin staðfestir ofangreindar skráningar án athugasemda.

Athygli er vakin á að hægt er sjá staðfestar skráningar á vefsvæðinu starfsemi.is

4. Tillaga að breytingu á samþykkt nr. 426/2005 um meðhöndlun úrgangs á Suðurnesjum.

Nefndin samþykkir fram lagðar breytingar fyrir sitt leyti.

5. Umhverfismál / umgengni á lóðum

Heilbrigðisnefnd Suðurnesja hefur tekið ákvörðun að fela Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja að sjá um framkvæmd lóðahreinsana við fyrsta hentugleika og á kostnað eiganda, samkvæmt lögum nr. 7/1998, á eftirtöldum lóðum:

Vogar

Iðndalur 23 í Vogum – eignahlutar 01 0103 og 01 0104.

Reykjanesbær

Álftatjörn 3

6. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið klukkan 17:15